

Frjálssar

Frjálssíþróttakona Breiðabliks árið 2021 er: Birna Kristín Kristjánsdóttir

Birna Kristín átti sitt besta innanhússtímabil hingað til. Setti Íslandsmet í langstökki og 60 m grindarhlaupi í flokki U20 ára. Hún var kosin frjálssíþróttakona innanhússtímabilsins af Frjálssíþróttasambandi Íslands. Birna Kristín er Íslandsmeistari í langstökki kvenna utanhúss auk þess margfaldur unglíngameistari í ýmsum greinum.

Á liðnu sumri keppti hún með A landsliði kvenna í Evrópubíkarkeppni sem haldin var í Búlgaríu.

Á Alþjóðlegu úrtökumóti fyrir Evrópukeppni og Heimsmeistarakeppni sem haldið var í Mannheim í Þýskalandi hafnaði hún í fimmta sæti.

Birna Kristín stundar nám og æfingar í Virginia Tech í Bandaríkjunum.

Frjálssíþróttakarlar Breiðabliks árið 2021 er: Arnar Pétursson

Arnar vann níu Íslandsmeistaratitla á árinu 2021, í greinum frá 1500 m innanhús og upp í maraþon en samtals hefur hann orðið 45 sinnum Íslandsmeistari. Einnig sigraði hann 800 m á Reykjavík International Games og var valinn götuhlaupari ársins hjá Frjálssíþróttasambandi Íslands.

Hjólreiðar

Hjólreiðakona Breiðabliks árið 2021 er: Elín Kolfinna Árnadóttir

Elín var sigurvegari á Íslandsmóti bæði í tímatöku og götuhjólreiðum í U23 og varð 2. í U23 á Íslandsmótinu í criterium. Hún tók þátt í mörgum götuhjólámótum hérlendis auk þess sem hún fór til Svíþjóðar í sumar og keppti í fyrsta sinn á erlendri grundu á PostNord U6 Cycle Tour þar sem nú náði góðum árangri. Jafnframt tók Elín Kolfinna þátt á EM í götuhjólreiðum á Ítalíu í september þar sem hún öðlaðist gríðarlega mikla reynslu sem mun nýtast henni í framtíðinni.

Hjólreiðakarlar Breiðabliks árið 2021 er: Ingvar Ómarsson

Ingvar átti frábært ár og landaði fjórum Íslandsmeistaratitlum; í götuhjólreiðum, fjallahjólreiðum, cyclocross og maraþonhjólaþingreiðum. Þá varð hann bikarmeistari í tímatöku og náði frábærum árangri á bikarmótinu í fjallahjólreiðum og Íslandsmótinu í tímatöku. Jafnframt hefur Ingvar náð eftirtæktarverðum alþjóðlegum árangri í maraþonfjallahjólreiðum og hann er núna í 41. sæti á heimslistanum sem er langbesti árangur Íslendinga í hjólreiðum frá upphafi. Hann fór í sex keppnisferðir erlendis þar sem hann keppti í maraþonfjallahjólreiðum og hann fór einnig á EM í tímatöku og götuhjólreiðum.

Hlaupahópur

Hlaupakarlar Breiðabliks árið 2021 er: Thijs Kreukels

Thijs sýndi mjög miklar framfarir á árinu 2021 og hefur sýnt að hann er kominn í hóp fremstu hlaupara landsins. Hann varð m.a. í 2.sæti í 5km Hjartadagshlaupinu, 1. sæti í aldurshóp 40-45 ára í Powerade vetrarhlaupunum og fjórði í heildarstigakeppninni. Hann tók þátt í hálfmaraþoni í vormaraþoninu og endaði þar í 13. sæti á tímanum 1:25:19 sem er frábær tími.

Hlaupakona Breiðabliks árið 2021 er: Sigríður Rúna Þóroddsdóttir

Sigríður Rúna er þaulreyndur fjallahlaupari en á árinu 2021 tók hún m.a. þátt í Ultra-Trail du Mont Blanc fjallahlaupinu í Frakklandi sem er 145km langt með 9.100 hækkun, þar endaði hún í 2. sæti í sínum aldursflokki en hún keppti í flokknum 50-59 ára. Hún lenti svo einnig í öðru sæti í Hengill Ultra og í fyrsta sæti í sínum aldursflokki en hún hljóp 53 km. Ásamt því að vera ein af drottningum fjallahlaupanna hefur hún sýnt miklar framfarir í götuhlaupum en til gamans má geta að á árinu 2021 hljóp hún samtals 3413 km og var heildarhækkunin hennar 67.596m sem er frábær árangur.

Karate

Karatekona Breiðabliks árið 2021 er: Móey María Sigbórsdóttir McClure

Móey hefur um nokkurt skeið verið ein af fremstu karatekonum landsins. Hún var valin í landslið Íslands til að taka þátt í Norðurlandameistaramótinu nú í nóvember. Þar varð hún Norðurlandameistaratitil í hópkata kvenna, þar sem keppt er í þriggja kvenna sveitum. Þetta er einungis í annað sinn sem Ísland vinnur þennan titil í sveitakeppni í karate, síðast gerðist það 2012.

Móey hefur einnig þjálfað hjá deildinni í nokkur ár og má segja að hún sé ein helsta stoðin og stytta í uppbyggingarstarfi deildarinnar.

Karatekarl Breiðabliks árið 2021 er: Tómas Pálmar Tómasson

Tómas er einn af fremstu keppnismönnum í kata á landinu þrátt fyrir ungan aldur. Hann er ósigraður í sínum aldursflokki á Íslandi síðustu ár og er búinn að stimpla sig rækilega inn strax á sínu öðru keppnisári í fullorðinsflokki. Tómas er þrefaldur Íslandsmeistari, vann titlana í sínum aldursflokki sem og með liðinu sínu í fullorðinsflokki þar sem þeir voru titill sinn frá því í fyrra.

Tómas hefur verið í landsliði Íslands síðustu 4 ár og náð góðum árangri á erlendri grundu. Hann keppti á sínu fyrsta Evrópumeistaramóti á árinu og stóð sig vel. Tómas hefur stundað íþróttina í um 11 ár með miklum ágætum ásamt því að taka að sér þjálfun yngstu aldursflokkananna.

Knattspyrna

Knattspyrnukona Breiðabliks árið 2021 er: Agla María Albertsdóttir

Agla María var kjörin besti leikmaður íslandsmótsins í knattspyrnu sumarið 2021 en þá hlaut hún einnig silfurskó deildarinnar fyrir það að vera næst markahæst með 12 mörk í 18 leikjum. Agla María var einnig valin best í sterku liði Breiðabliks sem endaði í öðru sæti í íslandsmótinu, varð bikarmeistari og náði þeim frábæra árangri að komast í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Agla María var jafnframt lykilmaður í íslenska landsliðinu sem vann þrjá leiki af fjórum og er sem stendur í kjörstöðu í öðru sæti í sínum undanriðli fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Árangur Öglu á árinu var það góður að núna í upphafi árs 2022 skrifaði hún undir þriggja ára samning við eitt besta liðið á norðurlöndunum, Hacken í Svíþjóð.

Knattspyrnukarl Breiðabliks árið 2021 er: Viktor Karl Einarsson (Kolbrún móðir Viktors tekur við viðurk.)

Viktor var valinn besti leikmaðurinn í sterku liði Breiðabliks sem rétt missti af íslandsmeistaratitlinum ásamt því að ná þeim frábæra árangri að komast í þriðju umferð í evrópukeppninni (Europa Conference League). Viktor var jafnframt valinn í lið íslandsmótsins ásamt því að vera núna í ársbyrjun 2022 valinn í íslenska A-landsliðið í fyrsta skipti.

Kraftlyftingar

Kraftlyftingarkona Breiðabliks árið 2021 er: Sóley Margrét Jónsdóttir

Sóley er ein öflugasta kraftlyftingakona sem Ísland hefur alið. Hún varð Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í +84 kg fl. með 205 kg. Ásamt því setti Sóley fjölda Íslandsmeta í kraftlyftingum á árinu. Sóley var í landsliði Íslands í kraftlyftingum og tók þátt á þremur alþjóðamótum og sýndi þar árangur á heimsmeikvarða. Á Reykjavík International Games í klassískum kraftlyftingum sem haldið var í janúar vann hún bronsverðlaun. Sóley keppti á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum í Noregi þar sem hún náði 5. sæti með 630 kg í samanlögðum árangri. Sóley er öflugur íþróttamaður og leggur sig alla fram og er nú komin í heimsklassa í opnum flokki.

Kraftlyftingarkarl Breiðabliks árið 2021 er: Guðfinnur Snær Magnússon

Guðfinnur er einn af okkar allra bestu kraftlyftingamönnum. Hann varð Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í +120kg flokki með 315kg. Einnig var hann valinn í landsliðið fyrir heimsmeistaramótið sem fór fram í Noregi í nóvember og lenti þar í 6.sæti sem er frábær árangur.

Körfubolti

Körfuknattleikskona Breiðabliks árið 2021 er: Isabella Ósk Sigurðardóttir

Isabella átti frábært tímabil í fyrra eftir að hafa komið til baka eftir erfið meiðsli sem héldu henni frá vellinum í rúmlega eitt ár. Hún spilaði sig meira að segja inni í byrjunarliðið í A-landliði kvenna og var orðin algjör lykilmanneskja í liði Breiðabliks sem náði 5 sæti í deildinni á síðasta tímabili. Í byrjun þessa tímabils meiddist Isabella aftur og hefur misst af byrjun tímabilsins en náði að spila sinn fyrsta leik núna í byrjun desember.

Isabella var frákastahæsti leikmaður Dominos deildar kvenna í fyrra og setti nýtt frákastamest í einum leik er hún tók 28 fráköst í einum leik.

Körfuknattleikskarl Breiðabliks árið 2021 er: Hilmar Pétursson

Hilmar átti stóran þátt í því að tryggja sæti Breiðablik í Subway deildinni á síðasta ári er Breiðablik sigraði fyrstu deildina nokkuð örugglega.

Í ár hefur hann spilað einstaklega vel og hefur hann verið að banka all verulega á dyrnar hjá A-landliði karla. Hilmar hefur verið einn allra besta leikmaður Subway deildarinnar það sem af er en Hilmar er með 18 stig að meðaltali í leik og með yfir 50% nýtingu í 3ja stiga skotum. Hann er í 10 sæti yfir stigahæstu leikmenn deildarinnar og með bestu 3ja stiga nýtingu í deildinni .

Skák

Skákkarl Breiðabliks árið 2021 er: Vignir Vatnar Stefánsson

Vignir tók miklum framförum á árinu og varð alþjóðlegur meistari í skák (IM). Vignir tefldi á mörgum mótum bæði hér heima og erlendis. Hann uppskar vel og hækkaði meðal annars um yfir 150 Elo stig á nýliðnu ári. Vignir er einn sterkasti skákmaður í heimi í sínum aldursflokki og stefnir á að verða stórmeistari á þessu ári en hann kláraði einmitt fyrsta áfangann að því á sterku móti á Írlandi núna í byrjun janúar.

Skíði

Skíðakarl Breiðabliks árið 2021 er: Björn Davíðsson

Björn varð bikarmeistari í 16-17 ára flokki og annar í flokki fullorðina sem er frábær árangur fyrir svo ungan afreksmann. Einnig vann hann sér inn þátttökurétt á European Youth Olympic Festival.

Sund

Sundkona Breiðabliks árið 2021 er: Freyja Birkisdóttir

Freyja Birkisdóttir er orðin ein af sterkustu sundkonum landsins þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára gömul. Hún á sæti í afrekslandsliði Íslands í sundi og er þar lang yngst.

Á Íslandsmótinu í 50 metra laug í apríl varð Freyja þrefaldur Íslandsmeistari. Hún sló jafnframt 2 stúlknamet (15 til 17 ára) á mótinu þrátt fyrir að vera á yngsta aldursári í flokknum.

Á Íslandsmótinu í 25 metra laug í nóvember varð Freyja þrefaldur Íslandsmeistari. Þá var Freyja hluti af boðsundssveit Breiðabliks sem vann til þriggja Íslandsmeistaratitla á árinu.

Freyja var einnig mikilvægur liðsmaður í kvennasveit Breiðabliks sem sigraði bikarmót Sundsambands Íslands í desember síðastliðnum.

Á árinu tók Freyja þátt í þremur alþjóðlegum mótum. Í júlí keppti hún á Evrópumeistaramóti unglinga í Róm, í október tók hún þátt á heimsbikarmótinu í Berlín og í desember keppti hún á Norðurlandamótinu í Svíþjóð. Þar gerði hún sér lítið fyrir og vann til bronsverðlauna í 400 metra skriðsundi.

Sundkarl Breiðabliks árið 2021 er: Patrik Viggó Vilbergsson

Patrik Viggó Vilbergsson er sterkasti langsundsmaður landsins þrátt fyrir að vera aðeins 19 ára gamall. Hann er í úrvalshópi landsliðsins í sundi.

Patrik varð Íslandsmeistari í þremur greinum á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug í apríl og fimmfaldur Íslandsmeistari á Íslandsmótinu í 25 metra laug sem fram fór nú í október. Patrik keppti svo á heimsbikarmótinu í Berlín í október og stóð sig vel.

Patrik er nú kominn til Bandaríkjanna þar sem hann mun stunda nám á sundstyrk.

Þríþraut

Þríþrautarkarl Breiðabliks árið 2021 er: Sigurður Örn Ragnarsson

Sigurður hefur stundað þríþrautina af fullum krafti undanfarin ár með mjög góðum árangri. Hann varð mjög sigursæll í þríþrautarkeppnum sumarsins og sigraði hann allar bikarkeppnir sumarsins hjá Þríþrautarsambandi Íslands. Sigurður varð Íslandsmeistari í hálfum járnmanni, ólympískri þríþraut og ofursprettþraut á árinu og var stigahæsti karl í bikarkeppni þríþrautarsambands Íslands. Hann var valinn þríþrautarmaður sambandsins á árinu en þann titil hefur hann fengið 4 ár í röð.

Þríþrautarkona Breiðabliks árið 2021 er: Guðlaug Edda Hannesdóttir

Guðlaug hefur verið okkar fremsta þríþrautarkona undanfarin ár en hún tók eingöngu þátt í þríþrautarkeppnum erlendis þetta árið sökum covid. Guðlaug hefur verið valin þríþrautarkona ársins hjá þríþrautarsambandi Ísland 5 ár í röð nú síðast 2021. Hún varð í fyrsta sæti í sprettþraut í Clermont í Flórída á tímabilinu, varð í 3 sæti í Sarasota Flórída en sú keppni hefur verið stigakeppni fyrir Ólympíuleikana hjá World Triathlon. Guðlaug keppti einnig á móti í Yokohama með góðum árangri en sú keppni var partur af sterkustu mótaröð Alþjóðaþríþrautarsambandsins og gildi til stigasöfnunar fyrir ólympíuleikana 2021. Guðlaug stefnir á að verða fyrsta íslenska konan til að keppa á ólympíuleikum í þríþraut árið 2024.

Þjálfari Breiðabliks árið 2021 er: Alberto Borges Moreno

Alberto hefur byggt upp starf frjálsíþróttadeildarinnar svo eftir tekið síðan hann hóf störf hjá Breiðablik árið 2012. Hann er í yfirþjálfari yngri flokka ásamt því að vera mikilvægur hluti af þjálfarateymi meistaraflokks, með áherslu á stökkgreinar, spretthlaup og fjölþraut

Alberto hefur lengi starfað við þjálfun frjálsra íþróttanna og hefur hann gríðarlega mikla þekkingu og reynslu sem teygir sig áratugi aftur í tímann. Alberto er íþróttfræðingur með sérstaka áherslu á frjálsar. Hann var landsliðsþjálfari í spretthlaupum á Kúbu frá 1990-96 þar sem hann starfaði einnig sem deildarstjóri við kennslu í íþróttfræðum.

Alberto heldur vel utan um sína iðkendur og sýnir þeim umhyggju og aðhald. Hann hefur þjálfað marga af fremstu frjálsíþróttamönnum þjóðarinnar. En hann leggur ekki aðeins áherslu á afrekin inni á vellinum, auk þess leggur hann mikla áherslu á uppeldislegan þátt þjálfunarinnar og mikilvægi þess að byggja upp góðan liðsanda og heilsteypta einstaklinga innan vallar og utan.

Deild Breiðabliks árið 2021 er: Hjólreiðadeildin

Hjólreiðadeildin var stofnuð árið 2016. Deildin óx jafnt og þétt fyrstu 3 árin áður en að sprenging varð í iðkenda fjölda árið 2019. Undanfarin tvö covid ár hefur fjöldinn haldist nokkuð jafn eða í um 240 iðkendum.

Fyrir utan fjölgun iðkenda þá er árangur deildarinnar oftast en ekki sá besti á landinu í þessari íþrótt sem segir okkur ýmislegt um það frábæra starf og utanumhald sem þar á sér stað.